

# **Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

## **Fundargerð 33. fundur skólanefndar**

### **18. september 2007**

Mætt : Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eyþór Benediktsson, Ólína Kristinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Hreinn Þorkelsson áheyrnarfulltrúi kennara, Gísli Valur Arnarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

Forföll boðaði: Sigríður Finsen.

#### **1. Fundur settur**

Guðbjörg Aðalbergsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Kjartan Páll var endurkosinn formaður og þakkaði það traust sem honum var sýnt.

#### **2. Upphaf skólaárs**

Fjöldi nemenda hefur farið fram úr áætlunum, alls 276 nemendur skráðir til náms haustið 2007. Þar af eru 198 nemendur fæddir 1987-1993 sem er töluverð breyting á samsetningu aldurs. Yngra fólkið virðist vera að auka skólasókn hér. Af þessum 276 nemendum er tveir hópar af 10. bekkjum, annars vegar nemendur sem lokið hafa samræmdum prófum og taka áfanga á einni önn og hinsvegar nemendur sem taka framhaldsskólaáfanga á tveimur önnum. og innritaðir hinsvegar, samtals 26 nemendur. Einnig eru 17 nemendur skráðir í nám á vélstjórnarbraut 2. stigs í samstarfi við Fjöltækniskólann.

Skortur á aðgangi að fjarfundabúnaði virðist vera raunin sem og meiri aðsókn í hann með tilkomu framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði. Kaup á nýjum búnaði rædd, hugmynd að fyrirtæki hér á svæðinu myndu jafnvel styrkja þessi kaup. Velgengni skólans ætti að vera kappsmál staðbundinna fyrirtæki. Nýr búnaður kostar ISK 600.000-700.000,-. Nýi búnaðurinn myndi koma í veg fyrir þetta aðgengisvandamál og yrði á hjólum. Myndavélar og heyrnatól hafa verið keypt og notað með MSN til þess að auka samskipti milli Patreksfjarðar og Grundarfjarðar.

#### **3. Ráðning nýrra starfsmanna**

Nýir starfsmenn kynntir, Tryggvi Már Gunnarsson íslenskukennari, Hreinn Þorkelsson ensku- og lífsleiknikennari, Hafsteinn Mar Sigurbjörnsson stuðningsfulltrúi, Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir stærðfræði- og líffræðikennari og Guðrún Jóna Jósepsdóttir skrifstofu- og fjármálastjóri.

Breyting hefur átt sér stað í ræstingarmálum og ráðnir tveir nýir starfsmenn í stað þess að kaupa utanaðkomandi verktakapjónustu.

#### **4. Framhaldsdeild á Patreksfirði**

Mikil ánægja með framhaldsdeildina á Patreksfirði. Áhugi íbúa, þingmanna og ráðuneytismanna mikill sem sýndi sig í vígslunni. Björg Ágústsdóttir, Guðbjörg Aðalbergsdóttir og Kjartan Páll lýstu yfir mikilli ánægju með verkefnið. Kappsamir nemendur og þörf fyrir annan fjarfundabúnað nauðsynleg.

## 5. Fjármál

Fjármálin í ágætis farvegi. Skólinn er nokkurn veginn á áætlun. Ráðuneytið hefur hækkað framlag á hvern nemanda sem veitir svigrúm til að greiða niður hallann frá 1. ári. Samkvæmt bráðabirgðaútreikningi tekst það jafnvel á þessu ári.

## 6. Útekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi skólans fyrstu þrjú árin. Úttektarskýrsla unnin af Ásrúnu Matthíasdóttur og Trausta Þorsteinssyni

Helstu niðurstöður skýrslunnar teknar fyrir. Næstum því allt jákvætt. Rætt um þá niðurstöðu að hér vanti bókasafn. Bókasafn var ekki mikið nýtt, hvernig ætli við getum bætt úr því hér og þá með hvaða móti? Þarf að henta skólanum og því formi sem hér er. Í skýrslunni kemur einnig fram að endurskoða þurfi innleiðingu nemenda. Tillaga Guðbjargar að óöryggi nýnema mætti kannski bæta með því að hafa nýnemadag. Einnig gæti grunnskólinn tekið þátt í því.

Áætlun um úrbætur á þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni þarf að skila til menntamálaráðuneytisins fyrir árslok 2007. Ákveðið að nota þessa skýrslu til frekari stefnumótunar og taka skýrsluna fyrir aftur á næsta fundi.

## 6. Önnur mál

- a) Hugmyndir um að sækja í mótvægisáðgerðasjóð og hvort við eigum eitthvað tilkall í hann. Guðbjörg kom með þá hugmynd að útbúa verklega stofu hér í kjallaranum í samstarfi við Fjöltækniskólann. Jafnvel væri hægt að deila nýtingu á þessari stofu með Grunnskólanum í Grundarfirði. Spurning hvort leigan sem við erum að borga innihaldi þá fermetra eður ei.
- b) Álag á kennara hér við skólann of mikið. Kennarar þurfa aukið svigrúm til þess að geta haldið áfram að þróa starfið.
- c) Sex kennarar í sjálfsmatsnefnd. Erfitt í framkvæmd, þyrftum helst að fá aðkeyptan utanaðkomandi aðila til að vinna kennslumat.

Fundi slitið kl. 18:30 og næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 16. október.